

Menningarmál

Hjörleifur Sigurðsson skrifar um listahátíð:


ÍSLENSK
NÚTÍMA
MYNDLIST

Listahátíð stendur í Reykjavík — og það er sannarlega hátíðastund þegar nýr myndlistarskafi er tekinn í notkun í fyrsta sinn. Hvernig hefur tekizt til með sýninguna „Íslenzk nútíma myndlist“? Vel ... í stórum dráttum. Ungir, miðaldra og aldri listamenn etja saman hestum sínum og ekki er annað að sjá en þeir þrífist bærillega í sama húsinu þrátt fyrir gerólík sjónarmið og andhverf stefnumörk. Auðvitað saknar maður gamla kunníngja úr hópi myndlistarmanna — til að mynda sumra hinna nóttækustu og forvitnilegustu — en þannig hlýtur krökurinn að beygjast um leið og samfélagið vex. Dettur nokkrum svo sem í hug, að skynsamlegt væri að gefa út bækur allra áhugaverðustu rithöfundar okkar á sama vorinu? Margt veldur fjarvistunum. Sýningarnefndin hefur að mestu leyti dregið sig í hlé, til eru þeir höfundar, sem ekki eru þess umkominnir í bili að ganga út á vígvöllinn, enn aðrir forðast miklar stundir.

Ég sagði, að sýningin hefði tekizt vel í stærstu dráttum og vil bæta við, að hún er breiðari og frjálsslegri að skipulagi en nokkur önnur í seinni tíð. Í staðinn er líklega hægara að styðja á veika bletti einstakra höfunda. Slíkt ber ekki að harma. Hér er einnig teft fram andstæðum í nokkrum mæli. Kynslóðirnar, rök þeirra og sjónarmið fá að standa fyrir sínu án teljandi íhlutunar flokkunararmanna sýningarnefndar. Íhlutverkin leika þeir að tjaldabaki og fyrir bragðið verður heildin hvorki mikilfengleg né glæsileg en aftur á móti eðlileg og sönn í talsvert ríku mæli. Eitt finnst mér þó skorta. Höggmyndir og aðrar rúmtaksmyndir eiga að blandast flatarverkum. Aðskilnaðarstefna efnistegundanna er fráleit, þjónar engum skynsamlegum tilgangi.


Höfundar verkanna: Þrjátíu og sex, sumir meðal hinna reyndustu aðrir að stíga fyrstu skrefin og ögn hikandi eins og vonlegt er. Þorvaldur Skúlason kemur með fjögur ágæt olíumálverk, auðþekktur eins og fyrrum. Hann leikur sér að því

að brjóta miðjuna niður í fjölmarga granna tóna, stundum físlétta og tæra eins og strokur í klassisku dansverki. Bygging langveggsmýndarinnar — Sveiflna — er samt dálítið hæpnari en hinna. Svavar Guðnason teflir einnig fram litríkum kvartett. Sjávarniður hans — eitt dramatískasta verk sýningarinnar og magnaðasta — hefur ekki tapað sér frá því við sáum það í Menntaskólanum. Hin þrjú, myrk og heit ekki síður hvað formskipan snertir en tónarununa, krefjast í raun og sannleika stærra veggrýmis.



Frá útsýningu höggmynda á Skólavörðuholti.

Vilhjálmur Bergsson stendur sig vel við hlið meistaranna. Rauði bjarghringurinn boðar sitthvað nýtt hjá honum en málverkið í miðju kann ég sízt



Jón Þ. Kristjánsson: Tuttugu og fjórar rendur


að meta. Bragi Ásgeirsson rýfur hinn slétta grunn, einn örfára þátttakenda. Myndir hans láta okkur sjaldan í friði, vekja uppnám, stundum óhugnaðar-tilfinningu. Stofuljóðið verður honum fjarlægara með hverjum deginum sem líður. Um leið verður okkur hugsað til Gunnsteins Gíslasonar, er kemur nú fram í skæra birtu, með undarlegum hætti tengdur byggingarlist. Verk hans öll eru einstaklega hrein í hljóminum. Helgi Gíslason, Ingiberg Magnússon og Jón Þ. Kristjánsson geta með réttu víðað sig utan ramma skólans. Að mínu viti er Jón lengst kominn þremmninganna. Ég get ekki sætt mig við þá tilhugsun, að Hringur Jóhannesson máli vélarhluti og vélanta-siur með hinum fingerða áslætti litanna. Tigull hans (og hringur) er langþéttasta myndin. Aftur á móti hef ég hvergi séð Arnar teygja sig jafnhátt til fjallanna. Leifur Breiðfjörð sendir frá sér mjög vandaðar, litlar myndir. Valtýr Pétursson hreinsar stóru fletina dyggilega og gefur bláum, gulum og rauðum litum meira svigrúm en áður.

Athygli beinist einkum að stærsta verki hans — bláa og fjaræna hljóminum, sem stýrir flestum öðrum atriðum myndarinnar. Ásgerður Búadóttir, Jóhannes Jóhannesson, Guðmunda Andrésdóttir, Eiríkur Smith og Jóhann Briem hafa lítið breytt síðasta árið eða árin. Vefjarhiminn Ásgerðar fellur í sama ótvíraða gæðaflokk og Stormharpan í Norræna húsinu. Eiríkur er kominn vel á veg með að efla hinn nýja stíl. Bæði Jóhannes og Guðmunda sýna heilsteyppt safn málverka, reyndar þannig að erfitt er að fetta fingur út í kafla eða heildir. Þær eru sérstaklega formfagarar. Líklega er rangt að segja að Jó-

hann Briem hafi lítið hreyft sig upp á síðkastið. Hinn líðlega sextugi málari kom undirrituðum mest á óvart þegar hann heimsótti myndlistarhúsið í annað sinn. Form Jóhanns gerast huglægari og litur og lína falla þétt í sama sporið.

Útsýning höggmynda á Skólavörðuholti olli mér nokkrum vonbrigðum. En vitaskuld eru þar einnig merkilegar myndir. Fyrst skal telja Grettí Sigurjóns Ólafssonar úr gráum steini — spennan, eins og boga og tæran eins og lind. Aldrei þreystist gesturinn á að miða hann ofan af Eiríksstötu eða neðan af Mímisvegi. Þetta er verk með skuggum lágmynda en þykkildum og skorum lárétts steins.

Hópur Þorbjargar Pálsdóttur — Dansleikur — skapar einnig sérstakt andrúmsloft í kringum sig á holtinu, smítuð glettnislegum fættum og hrjúfum brettum. Jóhann og Kristín Eyfells standa nákvæmlega í sömu sporum og fyrir réttu ári. Myndir þeirra eru auðþekktar. Pólitískur realismi Jóns Gunnars skipar veglegan sess í garðinum á Skólavörðuholti, minnir á nautsskalla, dulbúinn og sveipaðan gulu segli í fjölleikahúsi. Skallinn snertir ögn finu taugarnar í greinarhöfundi, sárir þær eins og verk Braga í myndlistarhúsinu. Hið sama verður tæplega sagt um Organisk form I—V eftir Einar Hákonarson. Þau eru finleg og ljúf að eðli, innhverf í sjálfum sér eins og hluti grafikverka hans. Sjómenn Ragnars Kjartanssonar nálgast hvergi nærri myndir hans á tveim síðustu útsýningum. Mig grunar, að þau skorti nægilegan aðdraganda. Skúlptúr Gunnars Mátssonar lifgar græna brekkufótinn en ég veit hreint ekki hvernig hann endist. Myndir Guðmundar Benediktssonar (nr. 8 og 9) vitna um formskyn hans og búa vafalaust yfir duldu kostum. Snorri Sveinn á að líkindum eftir að sækja sig sem höfundur rúmtaksverka. Á þessari stundu er hann eilítið hikandi. Að lokum komum við að flugunni. Höfundur og ræktunarstjóri: Magnús Tómasson. Hún er í stuttu máli eitthvert veglegasta sjónarspilið sem Listahátíð í Reykjavík býður okkur til nautnar og útleggingsar.



Úr sýningarskalanum á Miklatúni